

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Húnáping vestra Syðri Kárastaðir, nærrí Hvammstanga



Dags eftirlits 28.8.2014

Fulltrúi UST Sigrún Guðmundsdóttir

Fyrirtæki Húnáping vestra

Fulltrúi UST

Heimili Hvammstangabraut 5

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 5405982829

Flokkur Úrgangur og efnamóttaka

Fulltrúi fyrirtækis Ína B. Ársælsdóttir

ÍSAT nr. 38.21.00

Fulltrúi fyrirtækis Guðný Hrund Karlsdóttir

Staðsetning 408728,569 549136,39

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

EKKI eru gerðar athugasemdir eða frávik staðfest í eftirlitinu nú. Eldri frávik er varða kröfur um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma o.fl. eru komin í réttan farveg, þ.e. ætlunin er að loka urðunarstaðnum og falla kröfur um þessa þætti þá niður.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hófst á fundi með forsvarsmanni Urðunar ehf sem hefur umsjón með urðunarstaðnum auk ofannefndra. Fundardagskrá var sem hér segir:

1. Starfsemi urðunarstaðar og fyrirætlanir rekstraraðila næstu ár.
2. Innra eftirlit og gæðamarkmið, móttaka og skráning úrgangs osfrv.
3. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
4. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslur og kvartanir, óhöpp eða þ.h. og aðbúnað vegna sláturúrgangs og fráveitubúnað

Rekstraraðili rakti stöðu úrgangsmála hjá sveitarfélaginu og var farið yfir tiltæka kosti í stöðunni, skilyrði fyrir áframhaldandi urðun og lokun urðunarstaða. Sýnataka og framsetning á framkvæmd hennar og niðurstöðum mælinga voru ræddar. Farið var yfir kröfur sem gerðar eru um móttöku og skráningu úrgangs, m.a. fyrir sláturúrgang og kom fram að gögn frá sláturhúsum vantar. Farið var yfir þá möguleika sem rekstraraðilar hafa til viðurkennningar á góðri frammistöðu hvað snertir kröfur löggjafans. Að síðustu var farið yfir mikilvæga þætti í meðhöndlun sláturúrgangs og kröfur sem gerðar eru til fráveitubúnaðar.

Eftirlitsskoðun: Gengið var um urðunarsvæðið. Fráveitubúnaður reyndist enn ófullnægjandi en nær enginn sláturúrgangur sást og lítið var um ólykt. Hlassi af heybaggaplasti var komið fyrir á urðunarsvæðinu þar sem búnaður hafði bilað og ekki hægt að koma honum af staðnum strax. Fjarlægja átti plastið um leið og mögulegt væri.

## ANNAÐ

Frávik úr fyrri eftirlitum: Kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. Mengunarvarnarbúnaður er ófullnægjandi og ekki hefur verið gert út um mælingar á vatni sem um urðunarstaðinn fer. Rekstraraðili gerði grein fyrir úrbótaáætlun sinni á fundi 2.10. sl. og hefur Umhverfisstofnun samþykkt hana. Rekstraraðili áætlar að hætta urðun í lok mars á næsta ári og mun skila til Umhverfisstofnunar lokunaráætlun fyrir 15.12.nk.

Reykjavík, 04.11.2014

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.